

Mál nr. 97/2018**M og
V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur í norðanverðum Hvalfjarðargöngum 16.2.2018.****Gögn.**

Málskot móttakið þ. 14.3.2018 ásamt fylgiskjölum.
Bréf V-1 dags. 3.3.2018 ásamt fylgiskjali.
Bréf V-2 dags. 3.4.2018.

Málsatvik.

Árekstur varð í norðanverðum Hvalfjarðargöngum þar sem ein akrein er í suðurátt, en tvær í norðurátt. Áreksturinn varð á hægri akrein í norðurátt. Ökumaður A segist hafa ekið á hægri akrein í norðurátt þegar B hafi farið snögg á hægri akrein og ekki náð að bremsa í tæka tíð, en hann hafi ekið á um 70 km.hraða. Ökumaður B segist hafa ekið norður Hvalfjarðargöng á vinstri akrein og mætt stórrí bifreið sem hafi komið á móti sér á sinni akrein og beygt þess vegna yfir á hægri akrein og fengið bifreið aftan á B.

Álit.

Ökumaður B skipti fyrirvaralaust um akrein þegar hún beygði yfir á hægri akrein af vinstri akrein í veg fyrir A. Ökumaður B gætti ekki ákvæða 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem kveður á um að ökumaður skuli áður en hann skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar ganga úr skugga um að það sé hægt án án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Þessa gætti ökumaður B ekki og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 24.4.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður

Jón Magnússon lögmaður